



Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á hátíðarsamkomu á Bifröst
í tilefni af hundrað ára afmæli skólahalds,
frá Samvinnuskólanum að Háskólanum á Bifröst,
3. desember 2018

Rektor Háskólans á Bifröst,
félagsmálaráðherra og alþingismenn
formaður skólastjórnar,
fyrirverandi rektorar og skólastjórar,
aðrir góðir gestir

Ég óska ykkur hjartanlega til hamingju með afmælið, hundrað ára afmæli skólahalds, frá Samvinnuskóla að Háskólanum á Bifröst. Löng saga er liðin, nú er í ykkar höndum og annarra að tryggja að við höldum áfram á farsælli braut.

Ég þakka fyrir það tækifæri að fá að vera með ykkur á þessari hátíðarstundu. Að því þarf vart að eyða orðum að sjálfsagt er að koma saman á merkisdegi, fagna tímamótum, láta gleðina ríkja og eiga vinafund. En leiðum hugann samt aðeins að þessu. Til hvers minnumst við liðinnar tíðar? Hvaða gagn er í því? Er það ekki framtíðin sem skiptir mestu máli, með öllum sínum lifandi tækifærum og áskorunum. Fortíðin! Hún er liðin, henni verður ekki breytt. Horfum frekar fram á veg!

Já, leiðum hugann að þessu álitamáli, og segjum þá um leið, að óvíða væri betra að gera þetta en einmitt hér. Margir skipa merkan sess í sögu skólahalds hér á Bifröst en upphafið, stofnun Samvinnuskólans, má rekja, öhö, til Jónasar Jónssonar frá Hriflu – enda talaði fólk gjarnan um Jónasarskólann, til lofs eða lasts.

Jónas vissi svo sannarlega sínu viti um liðna tíð, mikilvægi hennar í samtímanum og við mótun hugmynda fólks um framtíðina. Hann vildi vekja Íslendinga til dáða, vekja þá til vitundar um mikilvægi samvinnu, framfara og þjóðrækni. Við getum gengið að því sem vísu að hann las alþýðufyrirlestra Jóns Jónssonar Aðils þegar þeir birtust í árdaga síðustu aldar; og við getum meira að

segja getið okkur þess til að hann hafi lesið þá með áfergju. „Minning feðranna er framhvöt niðjanna,“ það eru lokaorð Jóns í *Gullöld Íslendinga*, ritsafni hans og þar ritar Jónas æviágrip höfundarins. „[V]akningarstarfsemi hans,“ skrifaði Jónas, „átti mikinn þátt í að þjóðinni tókst að brjóta af sér hlekki sem hann hafði lýst allra manna bezt í fræðiritum sínum.“

En kannski gerði Jónas sjálfur gott betur. Fyrir rúmri öld birtist rit hans, *Íslandssaga* handa börnum. Hún var víða kennd í skólum fram yfir 1970, einhver langlífasta kennslubók landsins. Jónas vildi, eins og hann sagði sjálfur, „skýra sögulega viðburði og andlegt líf með því að lýsa yfirburðum forystumanna þjóðanna á hverjum stað og tíma“. Hitt bæri að varast að fara eftir erlendum og framandi kenningum þar sem sögunni vindur fram eins og skriðjökli niður fjallagljúfur svo að „mannlífsstraumurinn sígur undan sínum eigin þunga“.

Íslandssaga Jónasar var ekki bara lesin, hún var vinsæl. Þannig rifjaði skáldkonan Rósa B. Blöndals upp á efri árum að ást hennar á sögu landsins hefði kviknað við lestur verksins. „Við lásum Jónas frá Hriflu,“ sagði sagnfræðingur einn líka fyrir nokkrum árum, „kennslubók fyrir börn, sem er nú alveg fáránlega þjóðernissinnuð ef maður les hana í dag. En mér og öðrum krökkum fannst hún bara almennt skemmtileg.“ Og Birgir Hermannsson stjórn málafræðingur, sem hefur kennt hér við skólann, skrifaði eitt sinn á Fésbók: „Man enn þegar ég fékk í hendurnar Íslandssögu Jónasar, loksins fékk maður að læra eitthvað skemmtilegt!“

Svo féll Jónas úr móð. Eða hvað? Árið 2014 hélt ég til haga eftirfarandi skoðanaskiptum við umfjöllun á einum netmiðlinum hér á landi:

Skrifari 1: „... [Þ]að er ár og dagur síðan söguskoðun Jónasar frá Hriflu var hnekkt. Það er hins vegar rannsóknarefni hvers vegna sagnfræðirannsóknir rata ekki inn í almenningsvitundina.“

Skrifari 2: „Kannski er ástæðan sú að sagnfræðingar starfa utan almenningsvitundarinnar.“

Skrifari 1: „... [Sumir þeirra hafa] bent á að sagnfræðingar og aðrir fræðimenn megi vera duglegri við að skrifa fyrir leikmenn en ekki bara akademíuna.“

Í höndum Jónasar varð Íslandssagan skemmtileg og spennandi. Íslenskir höfðingjar og hetjur birtust ljóslifandi á spjöldum sögunnar, skúrkar og fantar sömuleiðis, en oftast reyndar útlenskir. Og sagan hafði tilgang. Saga Jónasar var ekki aðeins ein sú langlífasta í íslenskri skólasögu heldur má leiða að því rök að hún hafi líka verið sú áhrifamesta. Í formála síns síðasta rits skrifaði Jónas Kristjánsson, forstöðumaður Árnastofnunar um árabíl og bróðursonur nafna síns, nokkur orð um sögurit hans og Jóns Aðils. „Sögubækur [þeirra] voru ritaðar beinlínis í því skyni að tendra föðurlandsást og frelsisþrá í brjóstum íslenskra ungmenna. Og það heppnaðist vel. Ef þessara bóka hefði ekki við notið, þá er

óvíst að svo margir Íslendingar hefðu samþykkt að skilja við Dani og stofna lýðveldi á Íslandi á tuttugustu öld.“

Er það svo? Á þessi orð skal ekki lagður dómur hér og nú. Hitt vitum við þó að Bodil Begtrup, sendiherra Danmerkur hér á landi snemma eftir seinni heimsstyrjöldina, kvartaði undan Danaandúð í kennslubókum Jónasar frá Hriflu. Í formálsorðum sínum benti Jónas Kristjánsson enn fremur á að allt hefur sinn stað og sína stund, að öll erum við börn okkar tíma. „... [N]ú þarf ekki lengur að skrifa svona þjóðleg áróðursrit,“ sagði Jónas um hin öfluggu skrif föðurbróður síns, „En í baráttunni fyrir frelsi landsins hentaði vel að kenna útlendum valdsmönnum um bölið og eymdina sem yfir okkur gekk.“

Því skal þó líka haldið til haga að Jónas Kristjánsson hóf formála sinn með þessari smásögu: „Svo bar til eitt sinn snemma á þessari öld að fáeinir sagnfræðingar voru saman á fundi. Höfðu þeir orð á því að mikil hörmung væri hve illa Íslendingar væru að sér í sögu þjóðar sinnar. Sagði þá einn þeirra: „Það á bara að láta ungmennin lesa Íslandssögu Jónasar frá Hriflu.““

Og ljúkum svo þessum hugleiðingum um notkun sögunnar með vörn Bifrastarmannsins Jóns Sigurðssonar, sem hér stýrði skólanum um skeið, um minningu Jónasar: „Enginn maður hefur verið skammaður og rægður í íslenskri sögu eins og Jónas Jónsson. Sannleikurinn er sá að andstæðingar hans í stéttum lækna, lögmanna, atvinnurekenda og kaupmanna – og á hinn bóginn úr hópi sósíalista – hafa haft betur í mótun sögunnar eftir á.“

Sjáum hvað setur. Raunin er í það minnsta sú, þegar vel er að gáð, að liðin tíð er í sífelldri mótun, fast að því eins óráðin og framtíðin ef svo má segja.

Kæru gestir: Á þessum stað hefur þjóðlegur andi svifið yfir vötnum í áratugi. Hér er alþjóðleg samvinna líka í hávegum höfð. Á því veltur öflugt háskólanám um okkar daga. En gleymum því ekki heldur að sönn menntun er svo miklu meira en háskólanám. Menntun er víðsýni, menntun er umburðarlyndi, menntun er jafnrétti, menntun er virðing og heilindi, menntun er að vilja gera hlutina vel, hvar sem maður er staddur í samfélaginu. Þegar við minnumst Jónasarskólans og Bifrastarævintýrisins skulum við því líka hafa í huga atbeina Jónasar í öðrum fræðslumálum, stofnun héraðsskólanna, í Reykholti í grennd við okkur og víðar um landið.

Gott er að fagna gildi menntunar hér á Bifröst, í þessum skála um þjóðbraut þvera, í blómlegu héraði þar sem fólk sinnir hefðbundnum landbúnaði en byggir einnig upp nýjar greinar, ferðaþjónustu og aðra iðju sem fáir hefðu getað ímyndað sér fyrir heilli öld að myndu framfleyta fjölda manns. Og grundvöllur alls er menntun. Án hennar verða engar framfarir.

Ég árna Háskólanum á Bifröst heilla og færi öllum þeim þakkir sem hafa lagt skólastarfi hér lið í áranna rás. Megi ykkur farnast vel í óræðri framtíð.